

Leiðbeiningar um CE-merkingu glugga

Gerð er krafa um að byggingarvörur séu CE-merktar ef til er samhæfður staðall um viðkomandi vöru skv. lögum um byggingarvörur.

Fyrir hendi er samhæfður staðall um glugga, ÍST EN 14351-1:2006+A2:2016 (hér eftir kallaður samhæfði staðallinn), og því eiga gluggar að vera CE-merktir. Til að gluggi henti til fyrirhugaðra nota, þ.e. í útvegg mannvirkis hér á landi, þarf hann auk CE-merkingar að uppfylla þær kröfur byggingarreglugerðar nr. 112/2012 sem kunna að varða notkun gluggans.

Upplýsingar um nothæfi eða eiginleika vöru, sem staðfesta að hún henti til fyrirhugaðra nota, eiga að koma fram í **yfirlýsingu um nothæfi** sem á að fylgja vöru. **Yfirlýsingunni er ætlað að lýsa helstu eiginleikum vöru þannig að neytanda sé ljóst til hvaða nota varan hentar.**

Samhæfði staðallinn skilgreinir þær kröfur sem almennt þarf að uppfylla vegna CE-merkinga glugga og útgönguhurða og í viðauka ZA koma fram þeir eiginleikar sem framleiðanda ber að taka afstöðu til þegar hann lýsir eiginleikum glugga. Í staðlinum kemur einnig fram með hvaða hætti eiginleikarnir skuli metnir.

Þeir eiginleikarnir eru :

Álagsþol gagnvart vindálagi	(e. Resistance to wind load),
Slagregnsþéttleiki	(e. Watertightness),
Upplýsingar um hættuleg efni	(e. Dangerous substances)
Álagsþol öryggisbúnaðar	(e. Load-bearing capacity og safety devices),
Hljóðeinangrun, þar sem það á við	(e. Acoustic performance),
Einangrunargildi, þar sem það á við	(e. Thermal transmittance),
Geislunareiginleikar, þar sem það á við	(e. Radiation properties),
Loftþéttleiki, þar sem það á við	(e. Air permability),
Aðrar þær upplýsingar sem framleiðandi kann að vilja koma á framfæri.	

Framleiðandi getur ákveðið að upplýsa einungis um hluta framangreindra eiginleika eða gilda og kemur það þá fram í yfirlýsingu um nothæfi, með merkingunni „npd“ (e. no performance declared), sbr. töflu 1 í samhæfða staðlinum. Það að framleiðandi kjósi að veita ekki upplýsingar um mikilvæga eiginleika, getur leitt til þess að notkun vörunnar er ekki heimil við mannvirkjagerð hér á landi.

Ef litið er til þeirrar upptalningar hér að framan úr samhæfða staðlinum og þeirra ákvæða sem kunna að varða notkun glugga við íslenskar aðstæður vegna ákvæða byggingarreglugerðar fæst eftirfarandi niðurstaða:

1. Álagsþol gagnvart vindálagi (e. Resistance to wind load)

Gluggar í mannvirkjum hér á landi verða fyrir meira vindálagi en þekkist víða annars staðar þannig að hér er um að ræða mikilvægan eiginleika glugga. Kröfur um vindálag koma fram í stöðlum sem vísað er til í byggingarreglugerð og einnig er gerð krafa í 8.2.4 gr. byggingarreglugerðar um hámarksformbreytingu gluggapósta og karma. Af því leiðir að í **yfirlýsingu um nothæfi** fyrir glugga sem nota á utanhúss, þ.e. í útvegg mannvirkis hér á landi, verða að vera upplýsingar um álagsþol gagnvart vindálagi þannig að staðfesta megi að glugginn henti til fyrirhugaðra nota.

2. Slagregnsþéttleiki (e. Watertightness)

Krafist er slagregnsprófunar glugga undir 1100 Pa prófunarálagi í 8.2.6 gr. byggingarreglugerðar. Af því leiðir að gluggar á markaði, til notkunar utanhúss hér á landi, verða að lágmarki að standast prófun með því álagi og verða upplýsingar þar að lútandi að koma fram í **yfirlýsingu um nothæfi** sem fylgir vörunni.

3. Upplýst um hættuleg efni (e. Dangerous substances)

Í 10.6.1 gr. byggingarreglugerðar segir: „*Ekki er heimilt að nota byggingarefni sem gefa frá sér gas, gufur eða efnisagnir eða eru geislavirk, sem geta haft áhrif á heilsu fólks og/eða dýra eða valdið óþægindum*“. Af því leiðir að framleiðanda ber að upplýsa í **yfirlýsingu um nothæfi** um það hvort hættuleg efni séu í glugganum.

4. Álagsþol öryggisbúnaðar (e. Load-bearing capacity og safety devices)

Grein 4.8 í samhæfða staðlinum gerir ráð fyrir að álagsþol öryggisbúnaðar sé uppfyllt á ákveðinn hátt. Staðfesta þarf í **yfirlýsingu um nothæfi** á þann hátt sem samhæfði staðallinn tilgreinir hvort svo sé. Varðandi öryggi almennt, fallhættu o.fl. er vísað til 12. hluta byggingarreglugerðar.

5. Hljóðeinangrun (e. Acoustic performance)

Sé fyrirhugað af hálfu framleiðanda að glugginn henti til notkunar í mannvirki þar sem gerðar eru hljóðvistarkröfur, sbr. 11. hluta byggingarreglugerðar, ber í **yfirlýsingu um nothæfi** að gera grein fyrir hljóðeinangrun gluggans í samræmi við ákvæði samhæfða staðalsins. Sé það ekki gert takmarkast notkun gluggans við mannvirki þar sem ekki eru gerðar kröfur til hljóðvistar.

6. Einangrunargildi (e. Thermal transmittance)

Sé fyrirhugað af hálfu framleiðanda að glugginn henti til notkunar í upphitað mannvirki verður í **yfirlýsingu um nothæfi** að gefa upp einangrunargildi, sem að lágmarki uppfyllir viðeigandi ákvæði í 13.3 kafla byggingarreglugerðar. Sé það ekki gert takmarkast notkun gluggans við óupphituð mannvirki.

7. Geislunareiginleikar (e. Radiation properties)

Engar slíkar kröfur eru í byggingarreglugerð eins og er.

8. Loftþéttleiki (e. Air permability)

Vísað er til 13.5 kafla í byggingarreglugerð vegna þéttleika hjúpflata og skal í **yfirlýsingu um nothæfi** gera grein fyrir loftþéttleika glugga.

Upplýsingar um **innihald yfirlýsingar um nothæfi** má sjá í 6. gr. Evrópureglugerðar nr. 305/2011 og í III. viðauka sömu reglugerðar.

Upplýsingar um **reglur og skilyrði fyrir áfestingu CE-merkisins** má sjá í 9. gr. Evrópureglugerðar nr. 305/2011. Þar kemur m.a. fram að tilvísunarnúmer yfirlýsingar um nothæfi komi fram á CE-merkinu sem tryggir rekjanleika byggingarvöru til þeirra eiginleika sem um hana gildir. Hefð hefur skapast fyrir því að líma CE-merkingu á lóðréttan gluggakarm við opnanlegt fag en það er þá ætíð aðgengilegt. Ef ekki er opnanlegt fag á glugga er límmiðinn festur á lóðréttan karm við annað efra horn gluggans. Með þessu móti er rekjanleiki glugga tryggður.

CE-merkingin tryggir ekki gæði gluggans en hún tryggir að eiginleikar hans séu ákvarðaðir á staðlaðan hátt og með **yfirlýsingu um nothæfi** er því auðvelt að bera saman eiginleika glugga frá mismunandi framleiðendum.

Verði iðnmeistari/byggingarstjóri, eigandi mannvirkis, hönnuður eða byggingarfulltrúi var við að **á markaði sé byggingarvara sem ekki uppfyllir kröfur laga um byggingarvörur** skal hann **tilkynna það til Húsnæðis- og mannvirkjastofnunar**.

Tilvísanir

- Byggingarreglugerð nr. 112/2012
- Lög um byggingarvörur nr. 114/2014
- Evrópureglugerð nr. 305/2011
- ÍST EN 14351-1:2006+A2:2016

Húsnæðis- og mannvirkjastofnun, 2022-03-09